



Skólaráð Tjarnarskóla

Fundargerð 23. fundar

1. fundur á skólaárinu 2016-2017

17. janúar 2017

Mættir voru : Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Anika Védís Björnsdóttir, 10. bekk, fulltrúi nemenda
Júlía Snædís Valsdóttir, 9. bekk, fulltrúi nemenda.
Sigrún Edda Theodórsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Birna Dís Björnsdóttir, fulltrúi kennara
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, fulltrúi kennara
Aðalbjörg Jóna Björnsdóttir, fulltrúi foreldra

Björn Halldór Björnsson, fulltrúi foreldra komst ekki á fundinn og Ragnheiður Hanson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, boðaði forföll.

Margrét bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Nýir fulltrúar í ráðinu voru boðnir sérstaklega velkomnir, þau Júlía Snædís, fulltrúi nemenda og Aðalbjörg Jóna, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

1. Hlutverk skólaráðs.

Margrét fór stuttlega yfir hlutverk skólaráðs, vísaði í upplýsingablað um skólaráð frá Umboðsmanni barna og í reglugerð skólaráðs. Fulltrúar voru beðnir um að fara yfir verkefni skólaráðs í reglugerðinni og að ráðið þyrfti að beina kastljósinu að einhverjum tilteknum lið í reglugerðinni (velja).

2. Verkefni skólaráðs á síðasta skólaári.

Farið var yfir helstu verkefni skólaráðs á síðasta ári og rætt um hvaða línur ætti að leggja á þessu starfsári.

Helstu umræðupunktur:

Sérstök ánægja kom fram um hverstu vel tókst til með að halda svo nefndan „opinn fund“ skólaráðsins. Metþátttaka foreldra var mjög ánægjuleg og viðfangsefnin tókust afar vel. Vísað er til fundargerðar 22. fundar skólaráðsins til nánari upplýsinga um fundinn.

3. Viðfangsefni skólaráðs á þessu skólaári, áætlun.

Góðar umræður áttu sér stað um þennan lið.

Á næsta fundi væri gott að fara yfir skóladaðatalið og bjóða nemendaráði á þann fund.

Anika stakk upp á að hafa aftur skilafund 10. bekkjar að vori og kynna fyrir 9. bekkingum þau verkefni sem 10. bekkur sér um á lokaárinu. Vel tekið undir það.

Anika talaði um hvað þátttaka foreldra í 10. bekk væri daufleg, nefndi sérstaklega í kringum söfnun 10. bekkjar fyrir ferðalagið til Danmerkur. Oftast eru það sömu foreldrarnir sem leggja málinu lið – í mörgun heyrst alls ekkert. Í framhaldinu var rætt um hvort hægt væri að bregðast við þessum með einhverjum hætti. Gæti skólaráðið gert eitthvað til að efla virkni foreldra? Sú hugmynd kom upp um að fá foreldraráðið inn á fund skólaráðsins til að ræða þetta og finna leiðir.

Margrét benti á að ástæðan gæti verið sú að það er ekki í íslenskri skólamenningu að foreldrum finnist sjálfsagt að mæta á fundi og þá viðburði sem þeim eru boðaðir á. Hægt er að benda á mörg tilfelli hvað þetta varðar. Það er einnig athyglisvert hve foreldrar svara illa tölvupóstum. Víst er að þetta er ekki bara bundið við okkar skóla, heldur almennt. Ekki hefð fyrir að þetta sé í forgangi.

Birna benti á að það þarf að hvetja foreldrana óspart til að mæta. Hún nefndi að í skólanum sem hún starfaði við í Danmörku (sem við erum að fara að heimsækja í apríl) þá er hefðin sú að allir foreldrar mæta á alla fundi sem þeir eru boðaðir á, meira að segja báðir foreldrar.

Að loknum umræðum um þennan lið var dagskrá skólaráðsins ráðgerð þannig:

- Halda einn fund til að fjalla um foreldrasamstarf í skólanum og bjóða fulltrúum foreldra í stjórn foreldrafélagsins á fundinn.
- Annan fyrir skóladaðatalið og bjóða nemendaráði á fundinn.
- Þriðji og síðasti fundur á skólaárinu verði opinn fundur með svipuðu sniði og síðast.

4. Önnur mál

Rætt um erindi frá Umboðsmanni Alþingis og Mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem þeim tilmælum er beint til skólaráða að fjalla um notkun snjalltækja í skólanum. Farið var yfir þær reglur sem hafa gilt í skólanum, en hér, eins og í öðrum skólum hafa þessi tæki talsverð áhrif í skólastarfinu. Sú notkun er bæði jákvæð og neikvæð. Símarir eru frábær tæki þegar

Þeir eru notaðir á jákvæðan hátt en það eru alltaf tilteknir einstaklingar sem eiga erfitt með að fara eftir reglunum.

Júlía, fulltrúi í 9. bekk, nefndi að í skólanum NÚ í Hafnarfirði hafi punktakerfi verið notað með góðum árangri. Fulltrúi foreldra, Aðalbjörg, nefndi einnig að yngri sonur sinn vilji alls ekki að aðrir birti myndir af sér og sagði það skoðun sína að símar ættu ekki að sjást í tímum.

Við í Tjarnarskóla lögðum viðhorfskönnun fyrir nemendur í desember til að kanna viðhorf nemenda til símanotkunar, þar kom afgerandi fram að talsvert margir nemendur nefndu það óþægilegt þegar verið væri að taka af þeim myndir.

Hver umsjónarkennari hefur rætt um niðurstöður viðhorfskönnunar í sínum bekk og óskað eftir tillögum frá nemendum sjálfum um það hvaða reglur ættu að gilda.

Í kjölfar umræðnanna í skólaráðinu varð niðurstaðan að efna til umfjöllunar í öllum bekkjum eftir prófin sem eru framundan (í seinni hluta febrúar). Málið verði tekið upp og rætt og síðan verði óskað eftir að hver bekkur tilnefni þrjá nemendur í hóp sem setti saman tillögur. Síðan verði kosið um tillögurnar.

Fulltrúar nemenda komu einnig með tvær ábendingar um það sem betur mætti fara:

- a) Nemendum í 10. bekk finnst þeirrandi þegar nemendur í yngri bekkjum opna dyrnar í stofunni (bara til að trufla) og einnig er óþægilegt þegar dyrum á stelpusalerni (af gangi inn á salernisaðstöðuna) er læst. Þeirrandi að komast ekki inn. Spurning hvort ekki sé lausn að taka læsingu af – fá smíð til þess.

Fundi slitið eftir um klukkustund.